

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

826. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 24. mars 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við leikskólastjóra.
2. Bréf skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra.
3. Ársreikningur og ársskýrsla Veiðifélags Víðidalssár 2013.
4. Bréf Orkustofnunar.
5. Úthlutunarreglur styrkja vegna aksturs í dreifnám í Húnaþingi vestra.

Afgreiðslur:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir er mætt til viðræðna við byggðarráð. Kynnti hún framlagt erindi sitt þar sem óskað er heimildar til tímabundinnar ráðningar starfsmanns í 65% stöðugildi á Leikskólann Ásgarð frá 1. apríl til 30. júní nk. Fyrir liggur mat sviðsstjóra fjölskyldusviðs og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs á umræddri beiðni og mæla sviðsstjórnirnar með því að heimildin verði veitt. Byggðarráð samþykkir beiðnina og felur sveitarstjóra og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs að útbúa viðauka við fjárhagsáætlun og leggja fyrir sveitarstjórn.
2. Bréf Sigurðar Þórs Ágústssonar, skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra lagt fram. Í bréfinu tilkynnir skólastjóri að fallið hefur verið frá seinkun heimferðar skólabifreiðar á leið 6 á mánudögum. Þá leggur skólastjóri til að skoðun á fyrirkomulagi skólaaksturs skv. bókun byggðarráðs frá 823. fundi verði frestað þar til ákvörðun um framtíðarskipan skólamála liggur fyrir. Tillagan er lögð fram með munnlegu samkomulagi við foreldra skólabarna á Þorgrímsstöðum og Saurbæ auk samþykkis sviðsstjóra fjölskyldusviðs og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs. Byggðarráð samþykkir að fresta umræddri úttekt.
3. Til kynningar lagður fram ársreikningur og ársskýrsla Veidifélags Víðidalssár 2013.
4. Fram lagt bréf Orkustofnunar þar sem óskað er upplýsinga frá Hitaveitu Húnaþings vestra um fjölda notenda hitaveitunnar á hverju veitusvæði fyrir sig, hvort mögulegt væri að leggja hitaveitu til fleiri aðila og hvort einhver svæði innan skilgreinds dreifisvæðis hitaveitunnar séu með óvirkjaðan jarðhita eða lítt rannsakaða möguleika sem skoða mætti nánar. Byggðarráð samþykkir að fela framkvæmda- og umhverfissviði að svara erindinu.
5. Byggðarráð samþykkir að fella úr gildi Úthlutunarreglur um styrki vegna aksturs í dreifnám í Húnaþingi vestra.
Samþykkt að taka á dagskrá:
6. Sveitarstjóri lagði fram tölvupóstbréf frá framkvæmdastjóra SSNV þar sem kynnt er fundarboð frá Innanríkisráðuneytinu um fyrirhugaðan fund um samgöngu- og fjarskiptaáætlanir. Fundurinn verður haldinn á Sauðárkróki þriðjudaginn 8. apríl nk. kl. 15:15. Byggðarráð samþykkir að senda fulltrúa á fundinn.
7. Sveitarstjóri lagði fram bréf frá Sigurði Þór Ágústssyni, skólastjóra þar sem gerð er grein fyrir eftirfarandi:
Sigrún Einarsdóttir hefur sagt starfi sínu lausu sem aðstoðarskólastjóri frá og með næsta skólaári.

Bjarney Valdimarsdóttir hefur óskað eftir að ráðningarhlutfalli hennar verði breytt í 49%.

Már Hermannsson óskar eftir launalausum leyfi skólaárið 2014-2015.

Pálína Fanney Skúladóttir óskar eftir launalausum leyfi skólaárið 2014-2015.

Skólastjóri mælir með samþykkt þessara erinda. Fyrir liggur mat sviðsstjóra fjölskyldusviðs á framkomnum óskum og mælir hún með samþykkt þeirra. Byggðarráð samþykkir framlagðar beiðnir Bjarneyjar Valdimarsdóttur, Más Hermannssonar og Pálínu Fanneyjar Skúladóttur. Sigurbjörg Jóhannesdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

8. Sveitarstjóri lagði fram drög að úthlutunarreglum, umsóknareyðublaði og fleiri gögnum fyrir Atvinnu- og nýsköpunarsjóð Húnaþings vestra. Byggðarráð samþykkir drögin fyrir sitt leiti og vísar þeim til afgreiðslu sveitarstjórnar.
9. Sveitarstjóri lagði fram fyrirspurn frá Sigurbjörgu M. Guðmannsdóttur um hvort fyrirhugað sé á næsta ári eða næstu árum að byggja fleiri leiguíbúðir fyrir aldraða í sveitarfélaginu, þá hvar og hvenær. Byggðarráð felur sveitarstjóra að svara erindinu.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:53

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Ragnar Smári Helgason.

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.